

Fundur hjá Skólaráði Rimaskóla

28.03.2023

Mætt: Helga, Erla Bára, Vilborg Anna, Aneta og Þóranna.

Forföll boðuðu: Ásgerður og Baldvin

1. Skóladagatal 2023-2024

Skólaráð tók fyrir skóladagatal 2023-2024 og fór yfir dagana og viðburði. Skóladagatalið var samþykkt.

Rætt um breytingu á skóladagatali 2022-2023. Í vor verður Rimaskóli 30 ára. Sett var á skóladagatal uppbrotisdagur 2. júní og sett inn afmælishátíð. Ljóst er að gestir og foreldrar eiga ekki kost á að koma fyrir hádegi á afmælishátíð. Lögð var fram tillaga að gera 1. júní að tvöföldum degi og færa skólaslit til 6.júní 2023. Afmælishátíðin yrði þá 1. júní og yrði skertur dagur í stað uppbrotisdag á bilinu 16:00-19:00.

Skólaráð samþykkti þessa breytingu.

2. Viðhaldsmál

Rætt um viðhaldsmál og skýrslu Mannvits. Farið var yfir framkvæmdir sem tengjast rakamálum út frá skýrslu Mannvits. Skipta á um þak, glugga og klæðningu. Álman á bláa gangi var máluð – efri hæð. Einnig var málað hjá sérkennslustofum og hjá íþróttgangi.

Rimaskóli er að fá fleiri hjólastandar sem á að setja upp. Einnig er komið vilyrði að setja upp útikennslustofu í vor. Vonast er að hún verði komin fyrir afmælishátíðina.

3. Önnur mál

Um gengni á göngum. Taka átak varðandi umgengni. Þóranna ræddi um að tilvalið væri að taka umræðuna í bekkjum eftir páska út frá Grænu skrefunum. Nemendur þurfa að eiga eitthvað í því verkefni og því tilvalið að fá þau til að útbúa áminningarmiða sem hægt er að festa hér og þar um skólann. S.s. munum að taka bara 1-2 blöð af handþurrkum. Göngum vel frá og flokkum rusl.

Fleira ekki tekið fyrir

Þóranna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð.